

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 14. desember 2018 í máli nr. S-303/2018:

Ákærvaldið

(Sigrún Inga Guðnadóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

Helenu Natalíu Albertsdóttur,

(Stefán Karl Kristjánsson lögmaður)

Luai Ómari Einarssyni og

(Stefán Karl Kristjánsson lögmaður)

Alfreð Má Fjeldsted

(Guðmundur St. Ragnarsson lögmaður)

Mál þetta, sem dómtekið var 28. nóvember 2018, var höfðað með ákærum lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dagsettum 29. maí 2018, 26. júní 2018 og 21. september 2018 og ákæru héraðssaksóknara dagsettri 5. apríl 2018.

Með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu dagsettri 29. maí 2019 á hendur:

„Helenu Natalíu Albertsdóttur, kt. 000000-0000,
[...], Reykjavík,

Luai Ómari Einarssyni, kt. 000000-0000,
[...], Reykjavík og

Alfreð Má Fjeldsted, kt. 000000-0000,
[...], Reykjavík

fyrir eftirtalin brot framin á árinu 2016 nema annað sé tekið fram:

I.

Á hendur Luai Ómari Einarssyni, Alfreð Má Fjeldsted og Helenu Natalíu Albertsdóttur fyrir þjófnað í félagi, sunnudaginn [...], með því að Luai Ómar og Alfreð Már fóru í heimildarleysi inn í íbúðarhús að [...] í Reykjavík og stálu þaðan sjónvarpi af gerðinni Samsung, peningakassa sem innihélt um það bil 230.000 kr. í

reiðufé, vekjaraklukkan, úlpu frá 66°N og debetkorti. Skömmu áður hafði Helena Natallía heimsótt húsráðanda að [...] í Reykjavík og gengið úr skugga um að svaladyr á neðrihæð hússins væru ólæstar og því næst fengið húsráðanda til þess að yfirgefa heimilið með sér, en henni var ljóst hvað til stóð af hálfu meðákærðu sem fóru í heimildarleysi inn í mannlaust húsnæðið og tóku framangreinda muni.

Mál nr. 007-2016-41541

Brot allra ákæru teljast varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Á hendur Helenu Natallíu Albertsdóttur fyrir eftirtalin brot:

Umferðarlagabrot, með því að hafa:

1. Aðfaranótt [...] ekið bifreiðinni [...] austur [...], án þess að hafa öðlast ökuréttindi, uns lögregla stöðvaði aksturinn skömmu síðar.

Mál nr. 007-2016-64451

2. [...] 2017 ekið bifreiðinni [...] um [...] við [...], svipt ökuréttindum, uns lögregla stöðvaði aksturinn skömmu síðar.

Mál nr. 007-2017-4585

3. Aðfaranótt [...] 2017 ekið bifreiðinni [...] austur [...] við [...], svipt ökuréttindum, uns lögregla stöðvaði aksturinn skömmu síðar.

Mál nr. 007-2017-32529

4. [...] 2017 ekið bifreiðinni [...] um [...] við [...], svipt ökuréttindum og ófær um að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist amfetamín 630 ng/ml), uns lögregla stöðvaði aksturinn skömmu síðar.

Mál nr. 007-2017-33268

5. [...] 2017 ekið bifreiðinni [...] um [...] við [...], svipt ökuréttindum, uns hún ók aftan á bifreiðina [...] og akstur stöðvaðist.

Mál nr. 007-2017-47546

Teljast brot í liðum 1-5 varða við 1. mgr. 48. gr. en brot í lið 4 einnig við 1. sbr. 2. mgr. 45. gr. a., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Fíkniefnalagabrot, með því að hafa:

6. Föstudaginn [...] að [...], við [...] haft í vörslum sínum í bifreiðinni [...] 5 ecstasy töflur sem hún framvísaði til lögreglu og lagt var hald á.

Mál nr. 007-2016-67996

7. Í sama skipti og greinir í 5. tl. ákærunnar, haft í vörslum sínum 16,88 g af maríhúana og 15 ecstasy töflur

Mál nr. 007-2017-47546

Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.“

Þjófnað, með því að hafa:

8. „[...]“

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar, greiðslu alls sakarkostnaðar og ákærða Helena Natalia Albertsdóttir að sæti sviptingu ökuréttar skv. 101. og 102. gr. laga nr. 50/1987, sbr. 25. og 26. gr. laga nr. 44/1993, sbr. 18. gr. laga nr. 66/2006 og upptöku á 20 ecstasy töflum og 16,88 g af maríhúana samkvæmt heimild í 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974.“

Með ákæru héraðssaksóknara dagsettri 4. apríl 2018 var mál höfðað á hendur Helenu Natalíu Albertsdóttur, „fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa aðfaranótt [...] 2016, á [...], Reykjavík, slegið A með flösku í ennið, með þeim afleiðingum að hann hlaut stjörnulaga skurð efst á enni, þar sem að hver armur í sárinu var u.þ.b. 1,5 sm langur.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkröfur:

Af hálfu A, kt. 000000-0000, er þess krafist að ákærðu verði gert að greiða honum miskabætur að fjárhæð kr. 1.000.000.- ásamt vöxtum, skv. 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá [...] 2016 þar til 30 dagar voru liðnir frá birtingu bótakröfu fyrir ákærðu en síðan með dráttarvöxtum, skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Þá er gerð krafa um þóknun réttargæslumanns samkvæmt mati dómsins.“

Með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu dagsettri 26. júní 2018 var mál höfðað á hendur Luai Ómari Einarssyni, „fyrir umferðar-, fíkniefna- og vopnalagabrot, með því að hafa [...] 2016, ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti og ófær um að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana og fíkniefna (kókaín í blóði mældist 135 ng/ml og tetrahýdrókannabínól 2,2 ng/ml) norður [...], vestur [...] og norður [...] í Reykjavík, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn. Við handtöku framvísaði ákærði 5,86 g af maríhúana. Við leit á lögreglustöð lagði lögregla síðan hald á 1,54 g af kókaíni sem ákærði hafði í vörslum sínum sem og [...].

Telst þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. a. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, 4., sbr. 1. mgr. 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og 1. mgr. 30. gr., sbr. 36. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, greiðslu alls sakarkostnaðar og sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr. nefndra umferðarlaga, sbr. 25. gr. laga nr. 44/1993 og 18. gr. laga nr. 66/2006. Jafnframt að ákærði sæti upptöku á 5,86 g af maríhúana og 1,54 af kókaíni, sem hald var lagt á, samkvæmt heimild í 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, sem og [...].

Að lokum var með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu dagsettri 21. september 2018 höfðað mál á hendur Luai Ómari Einarssyni, „fyrir eftirgreind umferðar-, fíkniefna- og hegningarlagabrot á árinu 2017:

I.

Umferðar- og fíkniefnalagabrot með því að hafa:

1. Laugardaginn [...] í Reykjavík ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti og óhæfur um að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist kókaín 345 ng/ml) um [...] uns lögregla stöðvaði aksturinn.

Mál 007-2017-19451

2. Aðfaranótt [...] í Reykjavík haft í vörslum sínum 0,76 g af kókaíni sem lögregla fann við leit á ákærða við [...] við [...] og lagði hald á.

Mál 007-2017-20973

3. Föstudaginn [...] í Reykjavík haft í vörslum sínum fimm ecstasy töflur sem lögregla fann við leit á ákærða við [...] og lagði hald á.

Mál 007-2017-24579

4. Laugardaginn [...] í Reykjavík ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti og óhæfur um að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist amfetamín 640 ng/ml og auk þess fannst tetrahýdrókannabínólsýra í þvagi) um [...] uns lögregla stöðvaði aksturinn og fyrir að hafa á sama tíma haft í vörslum sínum 0,49 g af kókaíni sem lögregla lagði hald á.

Mál 007-2017-29685

5. Miðvikudaginn [...] í Reykjavík haft í vörslum sínum 0,54 g af amfetamíni sem lögregla fann við leit á ákærða við [...], skammt frá [...], og lagði hald á.

Mál 007-2017-43326

6. Sunnudaginn [...] í Reykjavík ekið bifreiðinni [...] án ökuréttar og óhæfur um að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist amfetamín 50 ng/ml, kókaín 270 ng/ml og metamfetamín 45 ng/ml) vestur [...] uns lögregla stöðvaði aksturinn.

Mál 007-2017-48476

7. Miðvikudaginn [...] í Reykjavík ekið bifreiðinni [...] án ökuréttar og óhæfur um að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist amfetamín 415 ng/ml) norður [...] uns lögregla stöðvaði aksturinn.

Mál 007-2017-56261

8. Fimmtudaginn [...] í Reykjavík ekið bifreiðinni [...] án ökuréttar og óhæfur um að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist amfetamín 390 ng/ml) suður [...] uns lögregla stöðvaði aksturinn og fyrir að hafa á sama tíma haft í vörslum sínum 0,78 g af kókaíni og rafmagnsvopn sem lögregla lagði hald á.

Mál 007-2017-67244

Teljast brot í 1., 4., 6., 7. og 8. lið varða við 1. mgr. 48. gr. og 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. a., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 3. gr. laga nr. 24/2007 og 5. gr. laga nr. 66/2006 og varða brot í 4. og 8. lið auk þess og ásamt brotum í 2., 3. og 5. lið við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002 og auglýsingu nr. 232/2001 auk þess sem brot í 8. lið telst varða við c. lið 2. mgr. 30. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr., vopnalaga nr. 16/1998.

II.

Hegningarlagabrot:

9. Fjársvik, með því að hafa á ólögmetan hátt hagnýtt sér ranga hugmynd ótilgreinds starfsmanns [...] með því að slá eign sinni og hagnýtt 150.000 krónur sem fyrir mistök voru færðar inn á bankareikning ákærða mánudaginn 24. apríl af bankareikningi nr. [...] í eigu B, kt. 000000-0000.

Mál 008-2017-6258

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. gr. og 102. gr. nefndra umferðarlaga, sbr. 25. gr. laga nr. 44/1993 og 18. gr. laga nr. 66/2006. Jafnframt er þess krafist ákærði skuli sæta upptöku á framangreindum fíkniefnum skv. 6. mgr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001 og á framangreindu rafmagnsvopni skv. 1. mgr. 37. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

Einkaréttarkrafa:

Vegna ákæruliðar nr. X í II. kafla (mál lögreglu nr. 008-2017-6258) gerir Leifur Runólfsson, hdl., þá kröfu f.h. B, kt. 000000-0000, héðan í frá nefndur kröfuhafi, þá kröfu að ákærði verði dæmdur til að greiða sér kr. 150.000,- auk vaxta samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá tjónsdegi ([...] 2017) til þess dags er mánuður er liðinn frá þeim degi er sakborningur er kynnt bótakrafa þessi og dráttarvaxta skv. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, sbr. 6. gr. vaxtalaga. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómara eða samkvæmt síðar framlögðum reikningi, auk virðisaukaskatts á málskostnað.“

Verjandi Helenu Natalíu Albertsdóttur krefst þess að ákærða verði sýknuð af ákæru Héraðssaksóknara en til vara krefst hann vægustu refsingar er lög leyfa. Hvað ákæru lögreglustjóra varða er þess krafist að henni verði dæmd vægasta refsing er lög leyfa og að hún verði að öllu leyti skilorðsbundin. Þá krefst hann þess að bótakrafa verði lækkuð. Einnig krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna.

Verjandi ákærða Luai Ómars Einarssonar krefst þess að ákærði verði sýknaður af 9. tl. II. kafla ákæru 21. september 2018 en til vara að honum verði dæmd vægasta refsing er lög leyfa. Þá krefst hann vægustu refsingar er lög leyfa hvað aðra ákæruliði og ákæru varðar. Hann krefst þess að bótakröfunni verði vísað frá dómi, en til vara að bætur verði stórlega lækkaðar. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna.

Verjandi ákærða Alfreðs Mús Fjeldsted krefst vægustu refsingar er lög leyfa og hæfilegrar þóknunar sér til handa.

I.

Verður nú fjallað um hverja ákæru fyrir sig og komist að niðurstöðu. Um ákvörðun refsingar, ökuréttindasviptingu, kröfur um upptöku og einkaréttarkröfur er fjallað í II. kafla

Í þinghaldi 7. september 2018 féll ákæruvaldið frá 8. tl. II. kafla ákæru dagsettrar 29. maí 2018.

Ákæra lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu dagsett 29. maí 2018

I. kafli ákæru

Um atvikalýsingu vísast til ákæru málsins en ákærðu hafa öll játað sök. Ákærði Alfreð Már gerði þær athugasemdir í þinghaldi 7. september 2018 að verknaðarlýsing í ákæru væri ónákvæm að því leyti að hann hefði ekki farið inn í húsnæðið til þess að stela munum, heldur hafi hann beðið í bifreið fyrir utan. Hann játaði hins vegar aðild sína og fulla þátttöku í þjófnaðinum. Að teknu tilliti til athugasemda hans féll ákæruvaldið frá þeim hluta ákæru sem fól í sér framangreinda lýsingu. Brot ákærðu voru unnin í félagi. Gildir því einu við sakarmat hvort þátttaka þeirra hafi verið verkskipt enda verður litið á ákærðu öll sem aðalmenn.

Sannað er með játningu ákærðu og öðrum gögnum málsins að þau eru sek um þá háttsemi sem þeim er gefin að sök og eru brot þeirra rétt heimfærð til refsíákvæðis í ákæru.

II. kafli ákæru

Helena Natalia jatar skýlaust sök samkvæmt þessum kafla ákæru. Hún mótmælir hins vegar kröfu ákærvaldsins um tímalengd á sviptingu ökuréttinda en verulegur dráttur hafi verið á málinu sem ekki eigi að bitna á henni.

Sannað er með játningu ákærðu og öðrum gögnum málsins að hún er sek um þá háttsemi sem henni er gefin að sök og eru brot hennar rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru. Um kröfu um ökuréttindasviptingu verður fjallað í II. kafla.

Ákæra héraðssaksóknara dagsett 5. apríl 2018.

Um atvikalýsingu er skírskotað til ákæru. Í þinghaldi 7. september 2018 játaði ákærða sök.

Ákærða kvaðst hafa slegið brotþola með plastflösku í ennið. Hafi það verið gosflaska og hafi hún haldið um háls hennar við tappann. Spurð hvers vegna ákærða hefði aðeins getið þess að um flösku hefði verið að ræða en ekki minnst á gerð hennar, bæði á vettvangi og síðar í skýrslutöku hjá lögreglu, þrátt fyrir að henni hafi verið kynnt að brotþoli hefði skorist í andliti, kvaðst hún ekki hafa gert sér grein fyrir því þá að það skipti máli. Ákærða kvaðst hafa verið ölvuð þegar atvikið hefði átt sér stað en hefði keypt sér gosdrykk og ætlað að láta renna af sér.

A kvaðst hafa verið staddur á reykingasvæðinu þegar ákærða sló hann með glerflösku. Brotþoli kvaðst ekki hafa séð flöskuna en fundið fyrir henni og kvað hana hafa brotnað. Nánar spurður kvaðst hann hafa séð glerbrot á gólfinu eftir á og vinir hans sagt honum að flaskan hefði verið úr gleri. Brotþoli kvaðst hafa fengið skurð í andlit sem blæddi úr.

C kvaðst hafa verið að vinna sem [...] til reynslu þetta kvöld. Atvikið hefði átt sér stað seint um kvöld. Hann hefði ekki séð þegar ákærða sló brotþola með bjórflösku en sneri sér við og sá ákærðu halda á flöskunni. Flaskan hafi ekki brotnað. Vitnið taldi drykki í plastflöskum hafa verið til sölu á skemmtistaðnum.

D lækni á [...] fór yfir helstu atriði í vottorði sínu. Kvað hann brotþola hafa verið með stjörnulaga skurð á enni. Taldi hann áverkana samræmast lýsingu hans á árásinni. Ekki hefði fundist glersalli í sárinu og væri ekki útilokað að plastflösku með gosi hefði verið beitt með afli svo að húð rofnaði. Þyrfti slík flaska að vera hörð eða þung. Taldi hann trúlegra að um glerflösku hefði verið að ræða eins og fram komi í niðurlagi vottorðs hans.

Niðurstaða

Ákærða heldur því fram að flaskan sem hún hafi beitt umrætt sinn hafi verið gosflaska úr plasti. Þessa er hvorki getið í frumskýrslu, þar frásögn ákærðu er höfð

eftir, né í skýrslutöku af henni síðar. Varnir ákærðu lúta að heimfærslu brotsins en hún telur að heimfæra eigi verknaðinn undir 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga en ekki 2. mgr. 218. gr. laganna. Í þinghaldi 7. september 2018 þar sem ákærða tók afstöðu til ákærunnar var aðeins bókuð athugasemd um heimfærsluna en frekari útlistun á vörnum kom ekki fram. Ákærða var ekki viðstödd aðalmeðferð 26. nóvember sl. og var við það látið sitja. Það var fyrst er verjandi beindi spurningum til vitna varðandi gerð flöskunnar að ástæða þótti til að taka skýrslu af ákærðu við framhald aðalmeðferðar. Sönnunargildi framburðar ákærðu er þó rýrara en ella þar sem hún gaf skýrslu sína eftir að vitni komu fyrir dóminn.

Brotapoli bar fyrir dómi að hann hefði ekki séð flöskuna sem ákærða beitti. Framburður brotapola og vitnisins C eru ekki á einn veg um það hvort flaskan hefði brotnað við höggið. Áverki brotapola sem lýst er í læknisvottorði gat hvort sem var hlotist af flösku úr gleri eða plasti þó að læk'nirinn teldi hið fyrrnefnda líklegra.

Við rannsókn máls var ekki leitast við að leiða í ljós hvernig gerðar flaskan sem ákærða beitti hefði verið. Var það hvorki kannað á vettvangi né ákærða spurð um það í skýrslutöku hjá lögreglu í kjölfar handtöku. Sú skýrslutaka var hljóðrituð en ákærða afþakkaði þá að henni yrði tilnefndur verjandi. Þá var ekki sérstaklega kannað hvort fleiri vitni hefðu verið að atvikum. Með vísan til framangreinds ber ákærvaldið hallann af ófullnægjandi rannsókn hvað þetta varðar og ber að skýra vafa um það ákærðu í hag.

Í ákærutexta segir eingöngu að ákærða hafi slegið brotapolu með flösku í ennið með nánar tilgreindum afleiðingum. Við því hefur hún gengist. Í dómaframkvæmd hefur högg í höfuð með glerflösku, hvort sem áverki hefur komið til af högginu eða vegna þess að hún brotnar, verið talin sérlega hættuleg líkamsárás og til þess fallin að valda verulegum skaða. Eins og málið liggur fyrir dómnum er ósannað hvernig gerðar flaskan var. Við mat á því hvort háttsemi verði engu að síður heimfærð undir 2. mgr. 218. gr. sem stórfelld líkamsárás, ber að líta til þeirrar aðferðar sem er viðhöfð, hvernig áhaldi er beitt og þá einkum að hvaða líkamshluta atlagan beinist en fyrir liggur að áverkar þeir sem brotapoli hlaut voru ekki stórfelldir. Þegar allt framangreint er virt og að teknu tilliti til annmarka á rannsókn telur dómurinn að háttsemi ákærðu verði ekki heimfærð undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga heldur 1. mgr. 217. gr. laganna.

Ákæra lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu dagsett 26. júní 2018

Ákærði Luai játar sök að undanskildu vopnalagabroti. Í þinghaldi 26. nóvember sl. féll ákærvaldið frá þeim hluta ákæru og upptökukröfu til samræmis við það. Að teknu tilliti til þessa telst sannað með játningu ákærða og öðrum

gögnum málsins að hann er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og eru brot hans rétt heimfærð til refsíákvæðis í ákæru.

Ákæra lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu dagsett 21. september 2018

I. kafli ákæru

Ákærði Luai Ómar jatar skýlaust sök samkvæmt þessum kafla ákæru. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að hann er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og er brot hans rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru.

II. kafli ákæru

Ákærði neitar sök. Honum eru gefin að sök fjársvik með því að hafa hagnýtt sér ranga hugmynd ótilgreinds starfsmanns [...] með því að slá eign sinni á og hagnýtt sér 150.000 krónur sem fyrir mistök voru færðar inn á bankareikning hans [...] 2017 af bankareikningi brotaþola. Framangreint uppgötvaðist þegar hann hugðist taka út peninga í hraðbanka en engin innistæða reyndist þá vera á bankareikningi hans. Fékk hann þær skýringar í bankanum að 150.000 krónur hefðu verið lagðar inn á reikning ákærða sem brotaþoli þekkti ekkert. Í kjölfarið lagði brotaþoli fram kæru á hendur ákærða.

Ákærði var yfirheyrður vegna málsins og kannaðist við að fjárhæðin hefði verið lögð inn á bankareikning hans án þess að hafa skýringar á því. Kvaðst ákærði ekki samþykkja að endurgreiða fjárhæðina.

Samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga varðar það fangelsi allt að 6 árum ef maður kemur öðrum manni til að aðhafast eitthvað eða láta eitthvað ógert með því að vekja, styrkja eða hagnýta sér ranga eða óljósa hugmynd hans um einhver atvik, og hafa þannig fé af honum eða öðrum á ólögmetan hátt.

Á það verður fallist með ákærða að málið var ekki rannsakað með tilliti til þess að um fjársvik kynni að vera að ræða. Brotaþoli neitaði því að hafa lagt fjárhæðina inn á reikning ákærða en hann lagði fram kæruskýrslu í málinu en gaf ekki skýrslu fyrir dóminum. Ekki voru teknar skýrslur af starfsmönnum bankans og er því í raun enga skýringu að finna á því hvers vegna fjárhæðin var millifærð af reikningi brotaþola yfir á reikning ákærða. Þannig liggur ekki fyrir hvort um kerfislæg mistök hafi verið að ræða eða hvort þau hafi verið af mannavöldum, þó að þau takmörkuðu gögn sem liggja fyrir bendi fremur til þess fyrrnefnda. Hefur því

ekki verið sýnt fram á að ákærði hafi hagnýtt sér ranga hugmynd starfsmanna [...]. Á hinn bóginn liggur fyrir að hann eignaði sér umrædda fjárhæð eftir að hún hafði verið lögð inn á bankareikning hans en ákærða hafði enga haldbæra skýringu á innlögninni.

Sækjanda og verjanda var gefinn kostur á að flytja málið með tilliti til þess að verknaður ákærða kynni að vera heimfærður undir 246. gr. almennra hegningarlaga en sækjandi kaus að gera það ekki. Að því virtu og þar sem aðeins er ákært fyrir brot gegn 248. gr. verður ekki hjá því komist að sýkna ákærða af þessum kafla ákæru.

II.

Refsiákvörðun, svipting ökuréttinda, kröfur um upptöku og einkaréttarkröfur.

Ákærða Helena Natalia Albertsdóttir

Ákærða hefur verið fundin sek um hegningarlagabrot, umferðarlagabrot og fíkniefnalagabrot. Við ákvörðun refsingar er litið til þess að hún hefur játað brot sín og viðurkennt bótaskyldu í tengslum við ákæru dagsetta 4. apríl 2018. Litið er til þess að brot ákærðu varða að stórum hluta sektarrefsingu. Til þyngingar horfir að brot ákæru samkvæmt I. kafla ákæru dagsettri 29. maí 2018 var unnið í félagi við aðra og vísast í því sambandi til 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Brot ákærðu voru framin fyrir uppkvaðningu dóms Héraðsdóms Reykjavíkur 1. nóvember 2017. Ber, með vísan til 60. gr., að taka upp þann dóm og ákveða ákærðu refsingu í einu lagi fyrir brot þau sem nú er dæmt um, með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Til þess er að líta að brot ákærðu eru að stórum hluta framin á árinu 2016 og varð verulegur dráttur á því að gefin væri út ákæra frá því að rannsókn málanna lauk en um þann drátt verður ákærðu ekki kennt.

Að framangreindu virtu þykir hæfileg refsing ákærðu vera fimm mánaða fangelsi en fresta skal fullnustu tveggja mánaða refsingarinnar og hún falli niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Þar sem akstur ákærðu undir áhrifum fíkniefna er ítrekaður ber með vísan til lagaákvæða í ákæru að svipta hana ökuréttindum í 2 ár og hefur dráttur á rannsókn ekki áhrif hvað sviptinguna varðar með sama hætti og á fangelsisrefsingu.

Með vísan til ákvæða í ákæru eru gerð upptæk fíkniefni sem hald var lagt á eins og nánar greinir í dómsorði.

Með háttsemi þeirri sem ákærða var sakfelld fyrir samkvæmt ákæru dagsettri 4. apríl 2018 hefur hún bakað sér bótaskyldu. Viðurkenndi ákærða bótaskyldu en krafðist lækkunar bótafjárhæðar. Brotapoli A á rétt á miskabótum úr hendi hennar á grundvelli 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 250.000 krónur. Krafan ber almenna vexti eins og í dómsorði greinir og dráttarvexti mánuði eftir birtingu bótakröfunnar. Auk þess greiði ákærði málskostnað vegna meðferðar bótakröfunnar eins og í dómsorði greinir.

Ákærði Luai Ómar Einarsson

Ákærði á að baki nokkurn sakarferil. Hann hefur nú verið fundinn sekur um hegningarlagabrot, umferðarlagabrot, fíkniefnalagabrot og vopnalagabrot. Nú síðast var hann í Landsrétti 15. júní 2018 dæmdur í tólf mánaða fangelsi, en þar af voru níu mánuðir skilorðsbundnir til tveggja ára. Með þeim dómi var dæmdur upp skilorðsdómur sem hann hlaut í Héraðsdómi Reykjavíkur 17. mars 2017 en jafnframt var til endurskoðunar Héraðsdómur Suðurlands frá 15. mars 2017.

Við ákvörðun refsingar er litið til þess að ákærði játaði brot sín að stórum hluta. Til þyngingar horfir að brot hans samkvæmt I. kafla ákæru dagsettri 29. maí 2018 voru framin í félagi við aðra og vísast í því sambandi til 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Umferðarlagabrot ákærða eru ítrekuð en með brotum sínum ók hann sviptur ökuréttindum í fjórða sinn og undir áhrifum fíkniefna í þriðja sinn og varða þau fangelsisrefsingu.

Brot ákærða nú eru að hluta til framin fyrir uppkvaðningu framangreindra héraðsdóma en að hluta til eftir þá. Með vísan til 60. gr., ber nú að taka upp dóm Landsréttar og ákveða ákærða refsingu í einu lagi fyrir brot þau sem nú er dæmt um, með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þegar litið er til dráttar á útgáfu ákæru í tengslum við I. kafla ákæru frá 29. maí 2018 og ákæru 26. júní 2018 vegna brota ákærða sem voru framin á árinu 2016 þykir hæfileg refsing hans vera fangelsi í 20 mánuði.

Með vísan til lagaákvæða í ákæru ber að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt auk þess sem upptæk eru gerð þau fíkniefni og vopn sem nánar greinir í dómsorði.

Einkaréttarkröfu í tengslum við II. kafla ákæru dagsettrar 21. september 2018 er vísað frá dómi, sbr. 2. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Ákærði Alfreð Már Fjelsted

Ákærði játaði brot sitt skýlaust fyrir dómi og er til þess litið. Sakarferill hans hefur ekki þýðingu við ákvörðun refsingar nú en hann hefur ekki áður gerst sekur um auðgunarbrot. Til þyngingar horfir að brotið var unnið í félagi við aðra og vísast í því sambandi til 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Líta ber til þess að verulegur dráttur var á útgáfu ákæru í málinu en rannsókn málsins var ekki umfangsmikil og lauk henni á árinu 2016. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 60 daga fangelsi en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Sakarkostnaður

Með vísan til 1. mgr. 235 gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, ber að dæma ákærðu til að greiða allan sakarkostnað.

Ákærða Helena Natalia greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, 737.800 krónur, og málsvarnarþóknun Ólafs V. Thordersen lögmanns, 105.400 krónur, vegna vinnu hans á rannsóknarstigi í tengslum við I. kafla ákæru dagsettrar 29. maí 2018. Ákærða greiði jafnframt annan sakarkostnað samkvæmt framlögðum yfirlitum, 139.428 krónur.

Ákærði Luai Ómar Einarsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, 737.800 krónur. Ákærði greiði jafnframt annan sakarkostnað samkvæmt framlögðum yfirlitum, 741.860 krónur.

Ákærði Alfreð Már Fjelsted greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns Guðmundar St. Ragnarssonar lögmanns, 358.360 krónur.

Við ákvörðun þóknunar allra lögmannna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Sigríður Hjaltsted héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærða Helena Natalia Albertsdóttir sæti fangelsi í fimm mánuði en fresta skal fullnustu tveggja mánaða refsingarinnar og hún falli niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða er svipt ökurétti í tvö ár frá birtingu dómsins að telja.

Ákærða sæti upptöku á 20 ecstasy töflum og 16,88 g af marjúána.

Ákærði Luai Ómar Einarsson sæti fangelsi í 20 mánuði.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði sæti upptöku á 5,86 g af marjúana, 3,57 g af kókaíni, fimm ecstasy töflum, 0,54 g af amfetamíni og rafmagnsvopni.

Ákærði Alfreð Már Fjeldsted sæti fangelsi í 60 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða Helena Natalia greiði A 250.000 krónur auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá [...] 2016 til [...] 2018 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. frá þeim degi til greiðsludags og 210.800 kr. í málskostnað vegna kröfunnar.

Ákærða Helena Natalia greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, 737.800 krónur, málsvarnarþóknun Ólafs V. Thordersen lögmanns, 105.400 krónur, og 139.428 krónur í annan sakarkostnað samkvæmt framlögðum yfirlitum

Ákærði Luai Ómar Einarsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, 737.800 krónur. Ákærði greiði jafnframt annan sakarkostnað samkvæmt framlögðum yfirlitum, 741.860 krónur.

Ákærði Alfreð Már Fjelsted greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar St. Ragnarssonar lögmanns, 358.360 krónur.

Sigríður Hjaltested (sign.)